



Stofnþing ASÍ – UNG
27. maí 2011

Ályktun ASÍ-UNG um menntamál

Stofnþing ASÍ-UNG ályktar um nauðsyn þess að auka fjölbreytni og aðsókn í iðn- og starfsnám ásamt því að stuðla að hugarfarsbreytingu í þjóðfélaginu gagnvart iðn- og starfsnámi og efla þarf raunfærnimat. Einnig telur ASÍ-UNG að kynna þurfi og efla starfsnám í grunnskólum. Sérstaklega er þörf á viðhorfsbreytingu á námi tengdu fiskvinnslu og sjávarútvegi.

ASÍ-UNG telur að skoða þurfi lengingu á skyldunámi um tvö ár þ.e. til 18 ára aldurs. Auka þarf framboð á námi með vinnu þ.e. fjarnám eða kvöldskóla og gera aðgengilegt fyrir alla um allt land. ASÍ-UNG vill hvetja skóla og kennara til þess að nýta síðustu daga skólaársins á vorin til þess að sýna nemendum hvaða atvinnumöguleikar eru í boði á hverju landsvæði og jafnvel fá nemendur til þess að prófa sjálf ýmis handtök.

ASÍ-UNG skorar á stjórnvöld til að fylgja eftir markmiðum í áætlun *Ísland 2020* að gefa fólki annað tækifæri til náms með því að auka aðgengi að styrkjum, námslánnum ásamt möguleikum á greiðslum úr fræðslusjóðum á meðan á námi stendur.

ASÍ-UNG telur mikilvægt að breyta þurfi ásýnd verkalýðshreyfingarinnar, verkalýðsfélög eru ekki bara sumarbústaðir og íþróttastyrkir. Gera þarf ungu fólki grein fyrir mikilvægi starfsins sem fer þar fram og efla þarf fræðslu ungs fólks um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Fá atvinnurekendur og mennta- og menningarmálaráðuneytið með í að útbúa fræðsluefni til ungs launafólks um vinnumarkaðinn.

Það er ekki þúkó að vera í stéttarfélagi.